

Kambur ehf  
Móavað 19  
110Reykjavík

Reykjavík, 28. júní 2024  
UST202406-195/P.V.B.  
09.04.00

### Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum Rauðhólar

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Kambs ehf fyrir hönd hestamannafélagsins Fáks, dagsett, 14. júní 2024, um leyfi til framkvæmda innan Rauðhóla.

Rauðhólar eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 185/1974](#). Óheimilt er að gera á svæðinu mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

#### Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til framkvæmda vegna gerð reiðstígs milli Rauðhóla og brúarinnar yfir Helluvatn. Einungis hluti stígsins þar sem hann þverar gönguleið og tengist núverandi reiðstíg milli Heiðmerkurvegjar og Norðlingaholts yrði innan fólkvangsins. Kort sem sýnir fyrirhugaða legu stígsins fylgdi með umsókn ásamt hönnunarteikningum af stígnum. Stígurinn yrði 3 metra breiður með 30 cm vegöxlum beggja vegna. Leiðin yrði lögð með tilliti til landhalla og reynt yrði að lágmarka grisjun á núverandi trjágróðri, en umsjón með grisjun hefði Skógræktarfélag Reykjavíkur. Gert yrði ráð fyrir að jarðvinnuvél muni marka um 15 cm djúpt far í landið og fylla svo þar ofaná 30cm burðarhæfu efni og á yfirborð kæmi 15cm þykkt viðurkennt reiðvegaefni. Innan fólkvangsins yrði lagður dúkur ofan á núverandi land en ekki þyrfti að rjúfa svörðin. Þar ofan á kæmi malarefnið og reiðvegaefnið. Að verkinu kæmu 2 starfsmenn og ekki yrði farið útfyrir fyrirhugaða reiðleið.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og gesti á framkvæmdartíma. Umrætt svæði er fólkvangur og umferð gangandi og hjólandi um stíga sem til stendur að þvera nokkur en stígarnir tengja íbúðarsvæði við vinsælt útivistarsvæði. Mat Umhverfisstofnunar er að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið að skilyrðum leyfisins.

#### Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Kamba ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan fólkvangsins Rauðhóla sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 31. desember 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu og að litur á efni sem verður í efsta lagi stígsins sé í samræmi við umhverfið.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
**sviðsstjóri**

Jón Björnsson  
**sérfræðingur**